



FJARÐABYGGÐ

Stuðningsaðili í sumarfrístund fatlaðra barna

STARFSLÝSING

Yfirmaður stuðningsaðila í sumarfrístund fatlaðra barna er stjórnandi félagsþjónustu og barnaverndar.

1. Meginviðfangsefni

Starfsmaður starfar eftir starfsáætlun fjölskyldusviðs. Veitir félagslegan stuðning og starfar við persónulega aðstoð við notanda samkvæmt þjónustusamningi með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun notandans og styðja viðkomandi á sviði tómsunda- og frístundaiðkunar.

2. Helstu verkefni

2.1 Þjónusta og samskipti

- Fylgist með að notandi njóti persónulegs stuðnings sem hann þarf á að halda hverju sinni og um getur í þjónustusamningi.
- Markmiðið er að notandi geti búið sem lengst á eigin heimili í öryggi og við sem bestar aðstæður og örvun til félagslegrar samveru.
- Markmið er að notandi getið tekið þátt í athöfnum daglegs lífs s.s. tómsunda- og frístundastarfi með liðsinni starfsmanns. Í því getur falist þátttaka í ýmsum skemmtunum, bíóferðir, sundferðir, göngur, útivera eða hvað eina sem notandi er fær um hverju sinni og fer eftir tómsundatillboðum í umhverfi notandans.

2.2 Félagsmálanefnd

- Þjónusta við félagsmálanefnd Fjarðabyggðar í málefnum sem tengjast starfinu.

2.3 Stjórnarsýsla

- Starfar samkvæmt samþykktum og verklagsreglum í málum fjölskyldusviðs og í samræmi við áherslur bæjaryfirvalda Fjarðabyggðar.

2.4 Teymisvinna

- Þátttaka í teymisvinnu í samvinnu við deildarstjóra búsetuþjónustu.
- Tekur þátt í starfsmannafundum og sækir fræðslu sem stofnun gerir kröfu um til að viðhalda færni og þróun í starfi í samráði við næsta yfirmann.

2.5 Önnur verkefni

- Ýmis tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur starfsmanni hverju sinni.

3. Hæfni- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun og reynsla

Menntun af styttri námsbrautum, s.s. félagsliðanáms, diplómanáms, o.s.frv., lengri námskeiða, eða nokkurrar starfs- og/eða stjórnunarreynslu á starfssviðinu

Þekking á málefnum félagsþjónustu er æskileg.

Reynsla og þekking á málefnum fatlaðs fólks er æskileg.

Reynsla og þekking af valdeflingu og endurhæfingu er æskileg.

Góð tölvukunnátta.

3.2 Hæfnisþættir

Sjálfstæði í faglegum vinnubrögðum.

Frumkvæði og skipulagshæfni.

Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og framúrskarandi samstarfshæfni.

Áhugi á að taka þáttí teymisstarfi og umbótaverkefnum.

Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli

Fjarðabyggð 5. maí 2021

Forstöðumaður tómsunda-
og frístundamála

Stuðningsaðili í sumarfrístund
fatlaðra barna